



Alþingi
Erindi nr. Þ 137/318
komudagur 22.6.2009

Nefndasvið Alþingis
B.t. félags- og tryggingamálanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. júní 2009

Efni: Umsögn FÍS um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 10/2004, um starfsmenn í hlutastörfum, 70. mál. (Lagt fyrir Alþingi á 137. löggjafarþingi 2009.)

I. Almenn

Vísað er til erindis háttvirtrar félags- og tryggingamálanefndar Alþingis dagsett 11. júní 2009 þar sem óskað er umsagnar FÍS um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 10/2004, um starfsmenn í hlutastörfum, 70. mál, EES-reglur, brottfall undanþágna.

FÍS telur að umrætt frumvarp geti einungis verið til bóta enda hefur Eftirlitsstofnun EFTA talið þær undanþágur sem eru í 3. og 4. mgr. 2. gr. laganna of víðtækar. Tilvist framangreindra ákvæða samrýmist ekki tilgangi tilskipunar ráðsins nr. 97/81/EB og gerir FÍS því ekki athugasemdir við brottfall þeirra.

II. Ábendingar


Að mati FÍS gefur frumvarpið ekki tilefni til sérstakra ábendinga.

III. Annað

Að lokum áskilur FÍS sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

Félagið lýsir sig jafnframt reiðubúið til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllt,



Harpa Samúelsdóttir lögfræðingur
f.h. Páls Rúnars M. Kristjánssonar hdl.

